



„... ég segi stundum að hjúkrun sé flottasta iðnnámið.“

Mest gefandi að hjálpa fólki á erfiðum tímum

Atli Már Markússon fór í sjúkraflutninganám í Maine í Bandaríkjunum þar sem áhersla var lögð á utanspítalaþjónustu í óbyggðum. Atli ákvað svo þegar hann var heimavinnandi húsfaðir á Húsavík að skella sér í hjúkrunarfræði og sér ekki eftir því þar sem námið nýtist sérlega vel í starfi hans sem sjúkraflutningamaður. Við slógum á þráðinn til Atla til að heyra hvernig þetta tvennt fer saman en þess má geta að Atli lauk einnig námi í svæfingahjúkrun fyrir nokkrum árum.

Texti og myndir: Sigríður Elín

Hvað varð til þess að þú ákvaðst að sækja um nám í hjúkrunarfræði á sínum tíma?

„Ég var búinn að vera í utanspítalaþjónustunni í nokkur ár þegar við hjónin fluttum til Húsavíkur. Hún var í sínu sérnámi sem heimilislæknir og ég allt í einu bara heimavinnandi húsfaðir. Ég fór að líta í kringum mig í Akureyrarháskóla, ég er ekki lögfræðitýpan en sá að það væri góð leið til þess að verða betri sjúkraflutningamaður að skrá mig í hjúkrunardeildina.“

Voru margir karlmenn í náminu á sama tíma og þú?

„Það var einn minnir mig, held að hann hafi ekki farið í gegnum klásusinn.“

Hvers vegna mælir þú með hjúkrunarfræði fyrir karlmenn?

„Hjúkrunarfræði er frábært fag fyrir þá sem vilja vinna með höndunum, ég segi stundum að hjúkrun sé flottasta iðnnámið.“

Nú eru aðeins 3% hjúkrunarfræðinga karlmenn. Hvað er hægt að gera til að breyta þessu og auka hlut karla í hjúkrun?

„Það þarf að breyta miklu þegar kemur að kennslu í hjúkrunarfræði, hjúkrun er að mínu mati fyrst og fremst verklegs eðlis og í grunnnámi hjúkrunar er lögð allt of mikil áhersla á akademíska þekkingu og færni tengda rannsóknum í stað þess að kenna fólki að vinna í alvöru á vettvangi og nota bæði hug og hönd.“

Hefur þú fundið fyrir fordómum í starfi vegna þess að þú ert karlmaður?

„Já, 100% til að byrja með þegar ég var enn í náminu og að flakka á milli deilda, hér og þar var mikið af kvenkyns kollegum sem fannst þetta ekki vera eðlilegt. Ég hef reyndar ekki orðið var við slíka fordóma lengi en kannski hefur það meira með vinnustaðina að gera.“

Hver var aðdragandinn að því að þú fórst í sjúkraflutninga?

„Ég hafði mikinn áhuga á starfinu og sjúkraflutninganáminu, ég lærði í Maine í Bandaríkjunum og valdi námsleið þar sem áhersla var lögð á óbyggða-utanspítalaþjónustu. Það er gaman frá því að segja að flestir aðaltöfvararnir sem sinntu kennslunni þar voru hjúkrunarfræðingar. Námið og starfið sem sjúkraflutningamaður var og er mjög skemmtilegt, það var hins vegar ekki fyrr en ég kláraði hjúkrunarfræðinámið og hafði unnið sem hjúkrunarfræðingur um tíma að ég áttaði mig á því hvað ég kunní í raun lítið sem sjúkraflutningamaður áður en ég tók hjúkrunarfræðina. Sjúkraflutninga- og bráðataeknanám er í rauninni mjög stutt og einhæft nám sem snýr að mjög einangruðum hluta ferlisins. Mín skoðun er að hjúkrunarfræðingur með víðtæka reynslu, eins og til að mynda frá bráðamóttöku, svæfingu, gjörgæslu, geðsviði, heilsugæslu úti á landi og fleiri starfsstöðvum, geti bætt gæði utanspítalaþjónustu til mikilla muna og jafnvel gert okkur kleift að skipuleggja heilbrigðisþjónustu og þá sérstaklega

„Á þeirri stundu sé ég fyrir mér að það verði þrjár sjúkraþyrlur með sérhæfðri áhöfn svæfingahjúkrunarfræðings og læknis um borð að sinna utanspítalabjónustu á Íslandi.“

á landsbyggðinni á öruggari og hagkvæmari hátt. Mín sýn er að í framtíðinni verði utanspítalabjónustu sinnt af hjúkrunarfræðingum með sérmenntun í sjúkraflutningum.

Hvernig finnst þér hjúkrunarfræðimenntunin nýttast í starfi sjúkraflutningamanns?

„Reynslan úr hjúkrun stendur vissulega með manni í utanspítalabjónustunni, við förum í mörg útköll sem flokkast sem „almenn veikindi“, það er að segja fólk er kannski slappt, ekki eins og það á að sér að vera og svo framvegis. Mismunagreiningar og reynslan, bæði af bráðamóttökunni og úr flutningunum, er gríðarlega dýrmæt í starfi mínu.“

Hvað finnst þér erfiðast að glíma við í starfi þínu sem sjúkraflutningamaður?

„Biðin reynir mikið á.“

Hvað er það besta við starfið?

„Það er svo magnað að bæði í starfi mínu á svæfingunni í Fossvogi og í utanspítalabjónustunni á ég alveg geggjáða vinnufélaga. Margir, sem ekki þekkjá til, sjá bæði þessi störf fyrir sér í einhverjum dramatískum hetjuljóma þar sem hvert einasta tilfelli, sem við förum í, eða sjúklingur, sem kemur inn, hangir algjörlega á bláþræði. Það sem hins vegar er farið að gefa mér mest svona í seinni tíð er að hjálpa fólki á erfiðum tímum. Geysilega mörgum líður alveg bölvanlega og það getur verið erfitt fyrir okkur heilbrigðisstarfsfólk, hvort sem það er inni á skurðstofu rétt áður en skjólstæðingur sofna eða bara inni í stofu heima hjá einhverjum sem er að hugsa um að svipta sig lífi, að setjast niður og taka samtalið. Að mæta fólki á erfiðum stundum, ræða lausnir við það og hvetja það til dáða, það er það sem gefur mér svo mikið svona í seinni tíð. Þarna kemur líka reynslan úr náminu sterk inn, vá hvað ég lærði mikið í þriggja vikna verknámi á geðdeild á sínum tíma.“



Hvað gerið þið vinnufélagarnir til að efla liðsandann?

„Við förum út að borða eins og gengur og tölum mjög mikið saman. Það er líka mjög gott og gefandi að hendast á eins og eitt námskeið, eða ráðstefnu erlendis, til að hressa aðeins upp á þekkinguna. Það er orðið allt of langt síðan maður hefur farið til útlanda.“

Hvar sérðu sjálfan þig eftir tíu ár?

„Vonandi alveg að fara að hætta að vinna. Ég sé mig sitja við sundlauginu á Flórída með kaffibolla þar sem ég horfi á sjúkraþyrlu fljúga yfir og hugsa hvað ég sé heppinn að hafa fengið að hjálpa til við að koma Íslandi inn í nútímamann í flutningum á veikum og slösuðum. Á þeirri stundu sé ég fyrir mér að það verði þrjár sjúkraþyrlur með sérhæfðri áhöfn svæfingahjúkrunarfræðings og læknis um borð að sinna utanspítalabjónustu á Íslandi.“